

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasa 7-8.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 12. desember 2006, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á lóðunum númer 12, 14 og 16 við Tindaflöt í Flatahverfi, klasa 7-8 á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að lóðirnar nr. 12, 14 og 16 við Tindaflöt stækka. Grænt svæði frá lóðamörkum að göngustíg minnkar. Jafnframt er byggingarreitum á lóðunum nr. 12 og 14 breytt og þeir stækkaðir og einnig afmarkaður 56 m² byggingarreitur fyrir stakstæða bílgeymslu á hvorri lóð.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 10. janúar 2007.

Þorvaldur Vestmann,
sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2007